

Tillögur Eypings að áhersluverkefnum 2017

| Verkefni 1 | Samstarf um fjölnýtingu orkuauðlinda á Norðurlandi eystra |
|--|---|
| Markmið | <p>Að auka og bæta nýtingu orkuauðlinda landshlutans.</p> <p>Að auka verðmætasköpun og sjálfbærni.</p> <p>Að styðja við nýsköpun, rannsóknir og þróun í orku-, umhverfis- og ferðamálum.</p> <p>Að stuðla að öflugum og sjálfbærum samfélögum á starfssvæði Eypings – með áherslu á samspil auðlinda, umhverfis, orku og ferðaþjónustu landshlutanum til framdráttar í efnahagslegu og umhverfislegu tilliti.</p> |
| Stutt verkefnislýsing (hvaða vandamál á að leysa?) | <p>Í stuttu máli er tilgangur EIMS að stuðla að aukinni sjálfbærni samfélaga á svæðinu með bættri nýtingu auðlinda og aukinni þekkingu á samspili samfélags, umhverfis, auðlinda og efnahags.</p> <p>Með virkri starfsemi á þessu sviði er það framtíðarsýn verkefnisins að það muni auka getu svæðisins til að takast á við áskoranir 21. aldarinnar.</p> <p>Verkefninu er ætlað að styðja við nýsköpunar- og rannsóknarstarfsemi á svæðinu, auka meðvitund almennings og fyrirtækja á málaflokknum og leiða að borðinu fyrirtæki, vísindamenn og aðra starfsemi sem fellur að markmiðum verkefnisins.</p> |
| Framkvæmdaaðili | Eimur – félag í samstarfi Landsvirkjunar, Norðurorku, Orkuveitu Húsavíkur og Eypings. |
| Samstarfsaðilar | Auk eigenda eru það einkum Jarðvarmaklasinn, Ferðaklasinn, atvinnuþróunarfélögin, Markaðsstofa ferðamála, Orkusetur og Vistorka. |
| Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019 | Eimur mun vinna að markmiðum Sóknaráætlunar um fjölnýtingu orkuauðlinda. Fjölnýting orkuauðlinda er eitt af meginmarkmiðum áætlunarinnar. |

| | |
|--|---|
| <p>Árangursmælikvarðar (afurðir og áhrif á samfélagið)</p> | <p>Afurðir verkefnisins verða nokkuð fjölbreyttar og verða bæði beinar og óbeinar. Þar má nefna (en takmarkast þó ekki við):</p> <ul style="list-style-type: none"> • Uppbygging orkuauðlindagarðs á Norðurlandi eystra. • Söfnun lykiltalna í orku- og auðlindastráumum á Norðurlandi eystra og greiningar á mögulegum ónýttum tækifærum. • Uppbygging innviða fyrir rafmagnsbíla á Norðurlandi eystra þannig að mögulegt verði að keyra á rafmagnsbíl frá Raufarhöfn til Reykjavíkur. • Námskeið og sumarskólar um nýsköpun í orku- og umhverfismálum í samstarfi við háskólastofnanir. • Ráðstefnur og vinnufundir um orku- og umhverfismál. • Orkuhraðall á svæðinu í samstarfi við Atvinnu- og nýsköpunarhelgina. • Markaðssetning svæðisins sem umhverfisvænn áfangastaður í samstarfi við Markaðsstofu Norðurlands og fleiri hagsmunaaðila. • Samstarfsvettvangur rannsakenda, frumkvöðla og fjárfesta í orkutengdum verkefnum á Norðurlandi eystra. <p>Ávinningurinn af verkefninu getur orðið mjög margþættur, þar á meðal:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Aukið samstarf orkufyrirtækja, ferðaþjónustu, og annarra orkunotenda, svo sem garðyrkjubænda. • Aukinn fjöldi orkutengdra nýsköpunarverkefna. • Aukinn fjöldi styrkumsókna og styrkja. • Bætt nýting orkuauðlinda. • Aukin markaðssetning svæðisins gagnvart bæði ferðamönnum og íbúum. • Aukinn fjöldi starfa sem m.a. krefjast aukinnar tækniþekkingar. Þar með eru einnig aukin tækifæri fyrir skólasamfélagið að bjóða upp á slíka menntun. • Bætt samkeppnisstaða svæðisins. • Aukið fjármagn inn á svæðið bæði í formi styrkja og fjárfestinga. |
| <p>Lokaafurð</p> | <p>Sjá árangursmælikvarða. Áframhaldandi samstarf um fjölnýtingu orkuauðlinda á Norðurlandi eystra og fyrirmýndarverkefni fyrir bæði aðra landshluta og annarskonar verkefni.</p> |
| <p>Tímarammi</p> | <p>Miðað er við að verkefnið spanni þrjú ár (2016-2018)</p> |
| <p>Áætlaður kostnaður</p> | <p>Heildarkostnaður er áætlaður 96 mkr. eða 32 mkr. á ári. Jafnframt er áformað að sækja um styrki til verkefnisins eða einstakra þátta þess og er einkum horft til erlendra styrkja.</p> |
| <p>Framlag úr sóknaráætlun 2017</p> | <p>9.000.000 kr. Aðrir eigendur verkefnisins leggja fram 23.000.000 kr.</p> |
| | |